


# OECD *Multilingual Summaries*

## Society at a Glance 2014

### OECD Social Indicators

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/soc\\_glance-2014-en](http://10.1787/soc_glance-2014-en)

---

## Society at a Glance 2014

### Félagsvísar OECD

*Útdráttur á íslensku*

Meira en fimm árum eftir fjármálakreppuna valda hátt atvinnuleysi og tekjutap versnandi félagslegum aðstæðum í mörgum OECD-löndum. Geta stjórnvalda til að takast á við þessi vandamál takmarkast vegna aðhaldsaðgerða á sviði fjármála. Á hinn bóginn eykur niðurskurður á fjárframlögum til félagsmála á erfiðleika viðkvæmustu hópanna og gæti skapað vandamál í framtíðinni. OECD-löndin geta aðeins tekist á við þessi vandamál á áhrifaríkan hátt með stefnumörkun sem er vandlega hönnuð og tryggð með fullnægjandi fjármagni. Enda þótt helstu vaxandi hagkerfi heims hafi sloppið við verstu áföll kreppunnar standa þau frammi fyrir ólíkum vandamálum. Þó er reynsla OECD-landa nytsamleg fyrir vaxandi hagkerfi í viðleitni sinni til að koma upp „kreppuheldum“ félagsverndarkerfum.

---

#### *Fjármálakreppan hefur kynnt undir kreppu í félagsmálum*

---

Fjármálaumrótið á árunum 2007-08 olli ekki aðeins efnahagskreppu endur einnig félagsmálakreppu. Þau lönd sem urðu fyrir dýpstu og lengstu niðursveiflunni sjá nú fram á keðjuverkandi áhrif á atvinnumöguleika, tekjur og búsetufyrirkomulag fólks. Um 48 milljónir manna innan OECD-landanna eru í atvinnuleit – 15 milljónum fleiri en í september 2007 – og margar milljónir til viðbótar eru í fjárhagsvanda. Fjöldi þeirra sem bjuggu á heimili þar sem engar atvinnutekjur voru til staðar hefur tvöfaldast á Grikklandi, Írlandi og Spáni. Lágtekjuhópar hafa orðið hvað verst úti svo og ungt fólk og barnafjölskyldur.

---

#### *Félagslegar afleiðingar gætu varað árum saman*

---

Þar sem heimili eru undir miklu álagi og verið er að endurskoða fjárveitingar til félagsþjónustu lætur sífellt meiri fjöldi manna í ljós óánægju sína með líf sitt og traust á ríkisstjórnnum hefur hrunið. Einnig eru þess merki að kreppan muni varpa löngum skugga á velferð fólks til framtíðar. Reyndar munu sumar félagslegar afleiðingar kreppunnar, svo sem stofnun fjölskyldu, frjósemi og heilsa aðeins koma í ljós á löngu tímabili. Frjósemi hefur minnkað enn frekar síðan kreppan hófst og jók þar með við lýðfræðileg og fjárhagsleg vandamál öldrunar. Fjölskyldur hafa einnig dregið saman nauðsynleg útgjöld svo sem til matvælaþjónu og stofna þannig velferð sinni í hættu, bæði nú og til lengri tíma. Of snemmt er að ákveða umfang langtímaáhrifa á heilsu fólks en vitað er að atvinnuleysi og fjárhagsvandamál leggja sitt af mörkum í sambandi við margs konar heilbrigðisvandamál, meðal annars geðheilsu.

---

## ***Fjárfesting nú til að forðast aukinn kostnað á morgun***

---

Sparnaður til skamms tíma getur leitt til mun meiri kostnaðar í framtíðinni og ríkisstjórnir ættu að gera fjármögnun áætlana sem tengjast fjárfestingum að forgangsatríði. Niðurskurður í framlögum til heilbrigðismála nú þarf að forðast að valda aukinni þörf á heilsugæslu í framtíðinni. Þau lönd sem verst hafa orðið úti ættu að tryggja aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu fyrir börn og koma í veg fyrir að útskriftarnemendur séu útilokaðir frá vinnumarkaðinum.

---

## ***Nauðsynlegt er að styðja viðkvæma hópa nú þegar***

---

Til að ná tilgangi sínum þarf fjárfesting í félagsmálum að vera innifalin í fullnægjandi stuðningi við fátækustu hópana. Undirstöðuatriði í öllum áætlunum um efnahagslegan og félagslegan bata þarf að vera að viðhalda stuðningi við viðkvæmustu hópana og jafnframt að efla hann. Ríkisstjórnir þurfa að tímasetja og hanna hvers konar aðhaldsaðgerðir á sviði fjármála til samræmis við það vegna þess að dreifingaráhrif slíkra aðgerða geta verið mjög mismunandi: til dæmis geta fátækustu hóparnir orðið verr úti vegna niðurskurðar í fjárútlátum heldur en af völdum skattahækkana.

---

## ***Ekki er mikið svigrúm til niðurskurðar til atvinnuleysismála***

---

Veikburða vinnumarkaðir gefa ekki mikið svigrúm til niðurskurðar á atvinnuleysisbótum, félagslegri aðstoð og virkri verkefnastoð á sviði vinnumarkaðsmála. Þar sem sparnaður er mögulegur ætti að ná honum fram í takt við hraða batans. Markvissar bætur sem öryggisnet ættu að vera sérstakt forgangsverkefni í þeim löndum sem slíkur stuðningur er ekki fyrir hendi, erfitt er að meta hann eða þar sem langtíma atvinnuleysingar eru búnir að tæma möguleika sína á atvinnuleysisbótum. Forðast ber flatan niðurskurð á félagslegum greiðslum svo sem húsaleigu- og fjölskyldu/barnabótum því þessar bætur veita iðulega fátækum vinnandi fjölskyldum og einstæðum foreldrum lífsnauðsynlegan stuðning.

---

## ***Markvissar aðgerðir geta orðið til sparnaðar en um leið verndað þá sem verst standa***

---

Áhrifameiri markvissar aðgerðir geta framkallað umtalsverðan sparnað en um leið verndað viðkvæma hópa. Sérstaklega ætti að gæta að því við endurbætur á heilsugæslu að vernda viðkvæmustu hópana. Þó er nauðsynlegt að efla marksækni aðgerðanna til að koma í veg fyrir að skapa öfuga hvatningu sem letur fólk til að leita sér að atvinnu. Til dæmis gætu þeir sem eru í þann veginn að hefja störf orðið fyrir tapi eða haft mjög lítinn ávinning af því að fara af atvinnuleysisbótum og gerast launþegar.

---

## ***Stuðningur við viðleitni fjölskyldna til að takast á við erfiðleika***

---

Það eru sterk rök fyrir því að hanna stuðning ríkisstjórna á þann hátt að hann efli og bæti við - frekar ein komi í staðinn fyrir - getu heimilanna sjálfra til að takast á við erfiðleika. Með þetta að leiðarljósi er sérstaklega mikilvægt að útvega virkan stuðning við atvinnumál, jafnvel þótt það kalli á aukin útgjöld til virkra félagslegra verkefna til skamms tíma. Viðhalda ætti virkjun vinnumarkaðarins og stuðningi við fólk í starfi með skynsamlegum hætti. Á þeim stöðum þar sem margar fjölskyldur eru án atvinnu þarf stefnumörkun að beinast að því að tryggja að þær njóti góðs fljótt eftir að aðstæður á vinnumarkaðinum batna. Svo stuðningurinn nái sem bestum árangri ætti til dæmis ekki að takmarka vinnutengdan stuðning og hvatningaraðgerðir við einstaklinga í atvinnuleit heldur hafa hann einnig tiltækan handa mökum sem ekki eru með atvinnu.

---

## Ríkisstjórnir þurfa að gera áætlanir vegna næstu kreppu

---

Til að gera félagsmálastefnu „kreppuhelda“ og viðhalda virkum stuðningi gegnum alla hagsveifluna þurfa ríkisstjórnir að horfa lengra en á hina nýlegu niðursveiflu. Í fyrsta lagi þurfa þær að mynda sparnað meðan á uppsveiflunni stendur til að tryggja að þær geti staðið undir auknum kostnaði meðan á niðursveiflum stendur. Varðandi útgjaldahliðina þá ættu þær í mun ríkari mæli tengja stuðning við aðstæður á vinnmarkaðnum - til dæmis með því að draga saman á skynsaman hátt bótagreiðslur meðan á bata stendur og að færa fjármagn frá bótum yfir á virkar áætlanir í vinnumarkaðsstefnu. Á tekjuhliðinni ættu þær að miða að því að útvíkka skattstofninn, draga úr því að treysta á vinnutengda skatta og aðlaga skattkerfið til að gera ráð fyrir auknu tekjumisræmi. Í öðru lagi þurfa ríkisstjórnir að halda áfram skipulagsbreytingum sínum á félagsverndarkerfum sem hafnar voru fyrir kreppuna. Í raun hefur kreppan kallað á aukna þörf á þeim. Hvað varðar lífeyrismál til dæmis, eiga ellilífeyrisþegar framtíðarinnar á hættu að búa við aukið óöryggi í tekjum sem er afleiðingin af löngum tímabilum atvinnuleysis meðan þeir voru á vinnumarkaði. Í heilsugæslu eru aðgerðir sem taka út ónauðsynlega þjónustu og efla hagkvæmni hentugri en ómarkviss niðurskurður sem takmarkar aðgang hinna verst settu að heilsugæslu.

© OECD

### Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

### Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



## Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2014), *Society at a Glance 2014: OECD Social Indicators*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/soc\_glance-2014-en